



Atvinnulíf á Vesturlandi árið 2040

Sviðsmyndir um framtíð
atvinnulífs á Vesturlandi
til ársins 2040

Desember 2019

kpmg.is

Efnisyfirlit

Samantekt sviðsmynda	6
Söguleg yfirferð	7
Stiklað á stóru í atvinnumálum og uppbyggingu 1970-2019	9
Lýðfræðileg þróun á Vesturlandi	10
Mannfjöldaþróun frá árinu 2000 til 2019	11
Inngangur – um netkönnun	13
Áhersluflokkar	14
Áhrifapættir í þróun atvinnulífs	14
Þróun í hlutfalli innflytjenda	15
Fjöldi sveitarfélaga	15
Verða 20.000 íbúar á Vesturlandi 2040?	17
Fleygar setningar úr viðtölum og netkönnun	18
Breytingar í farvatninu	19
Mikilvægir drifkraftar og óvissupættir á Vesturlandi	21
Dæmi um áhrifavalda svæðisins	22
Grunngerð sviðsmyndanna	23
Sviðsmyndir fyrir atvinnulíf á Vesturlandi 2040	24
Yfirlit sviðsmynda – Vesturland 2040	25
Eden	26
Dalalíf	28
Þekkingarklasinn	30
Bæjarkjarnar	32
Samanburður ólíkra sviðsmynda	35
Næstu skref við nýtingu sviðsmyndanna	36



Sviðsmyndir – atvinnulíf á Vesturlandi 2040

Verkefnið Sviðsmyndir um þróun atvinnulífs á Vesturlandi er unnið af KPMG fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV). Ástæða þess að ákveðið var að ráðast í þessa vinnu er sú að SSV fagnar 50 ára afmæli á árinu 2019 og í tilefni þessara tímamóta þótti við hæfi að horfa til framtíðar og velta vöngum yfir því hvernig atvinnulíf og samfélagið geti mögulega þróast næstu 20 árin.

Tekin voru viðtöl við ýmsa fulltrúa sveitarfélaganna og aðila úr atvinnulífi Vesturlands. Því til viðbótar var send út rafræn könnun til fjölmargra aðila sem tengjast atvinnulífi svæðisins. Haldnir voru vinnufundir til að greina drifkrafta atvinnulífs og samfélags og til að skapa grunn sviðsmyndanna. Þeir voru haldnir með breiðri þátttöku sveitarstjórnarmanna, fulltrúa fyrirtækja, háskóla og stofnana. Þar voru mótaðar sviðsmyndir sem lýsa mögulegri framtíðarþróun atvinnulífs og samfélags á Vesturlandi til ársins 2040.

Þeir Sævar Kristinsson og Stefán Þór Helgason ráðgjafar hjá KPMG stýrðu vinnunni og héldu utan um úrvinnslu. Þeir nutu aðstoðar starfsmanna SSV við ýmsa verkþætti í vinnuferlinu.

Það er von stjórnar SSV að þær sviðsmyndir sem hér eru dregnar upp geti reynst sveitarfélögunum, atvinnulífi og öðrum þeim sem vilja skoða hvernig atvinnulíf og samfélag á Vesturlandi geti þróast, ákveðinn vegvísir. Við vitum að okkar bíður tími breytinga, meiri breytinga en við höfum áður upplifað og þá er gott að eiga sviðsmyndir sem segja okkur hvernig hlutirnir geti þróast fari þeir í ákveðna farvegi.

Páll S. Brynjarsson
Framkvæmastjóri SSV

Samantekt sviðsmynda

Til að meta hvernig atvinnulíf á Vesturlandi gæti þróast til ársins 2040 var ákveðið að horfa sérstaklega til tveggja drifkrafta. Þessir drifkraftar eru annars vegar *auðlindanýting* og hins vegar *viðhorf samfélagsins til búsetu*.

Auðlindanýting vísar til þess hvort áhersla sé lögð á að nýta náttúruauðlindir svæðisins á borð við orku og afurðir sjávar og sveita eða hvort áherslan sé á nýtingu mannauðs og þróun hugvits.

Viðhorf samfélagsins til búsetu getur verið með mismunandi hætti og hér er horft til þess hvort áhersla sé lögð á búsetu í dreifbýli eða þéttbýli.

Mótaðar voru fjórar sviðsmyndir sem byggja á þessum og fleiri drifkröftum sem hafa áhrif á þróun atvinnulífsins með einhverjum hætti. Sviðsmyndarnar fjórar gefa lesendum innsýn inn í mögulega þróun atvinnulífs á Vesturlandi til ársins 2040 og hjálpa okkur við að taka ákvarðanir í dag sem hafa munu áhrif á þessa þróun.

Stutt lýsing á sviðsmyndunum fjórum er hér til hliðar.

Eden

– áhersla á nýtingu mannauðs og dreifbýli

Fjölgun starfa án staðsetningar, aukin tæknivæðing og áhersla á tengsl við náttúruna hefur dregið fólk í auknum mæli í dreifbýlið.

Dalalíf

– áhersla á nýtingu náttúruauðlinda og dreifbýli

Í þessari sviðsmynd hefur hefðbundinn landbúnaður sótt í sig veðrið og áhersla á ýmskonar framþróun í framleiðsluháttum, ylrækt o.fl. dregið til sín fleira fólk. Vesturland er matarkista Íslands með áherslu á sjávarútveg og landbúnað.

Þekkingarklasinn

– áhersla á nýtingu mannauðs og þéttbýli

Í þessari sviðsmynd hefur sókn fólks í þéttbýlið aukist talsvert og stærri bæir á suðursvæði Vesturlands vaxið á ævintýrlegum hraða. Atvinnulífið byggir á hugviti, nýsköpun og þróun.

Bæjarkjarnar

– áhersla á nýtingu náttúruauðlinda og þéttbýli

Í þessari sviðsmynd hefur fólk sótt í miklum mæli í þéttbýlið. Verksmiðju- og úrvinnslustörf í landbúnaði, sjávarútvegi og stóriðju eru ríkjandi.

Söguleg yfirferð

Atvinnulíf á Vesturlandi

Atvinnulíf á Vesturlandi hefur gengið í gegnum miklar breytingar undanfarin ár. Sjávarútvegur og landbúnaður voru áður langstærstu atvinnugreinarnar, en hlutdeild þeirra er mun minni í dag en áður. Hins vegar hefur stóriðnaður á Grundartanga og ferðaþjónusta vaxið mjög hratt og á s.l. ári heimsóttu tæplega 1 milljón ferðamanna Vesturland. Landshlutanum er gjarnan skipt upp í fjögur atvinnusvæði; Akranes og Hvalfjörður, Borgarfjörður, Snæfellsnes og Dalir. Þróunin hefur verið misjöfn á þessum svæðum.

Akranes og Hvalfjarðarsveit

Á Akranesi var sjávarútvegur lengi vel mjög öflugur og allt fram undir aldamót var Akranes sjávarútvegsbær en í dag hefur þetta breyst og hlutdeild sjávarútvegs mun minni en áður. Mikið er um störf í þjónustu og verslun á Akranesi enda er svæðið fjölmennt og þar eru til að mynda stórt sjúkrahús og fjölmennur framhaldsskóli. Þá hafa ýmis iðnfyrirtæki verið öflug sem og fyrirtæki í hátækniðnaði. Þau byggja bæði á gamalli arfleidd sjávarútvegs-samfélagsins og hinni nýtilkomnu iðnaðaruppbyggingu á Grundartanga

Eftir opnun Hvalfjarðarganga 1998 varð lítið mál fyrir Akurnesinga að sækja vinnu eða nám daglega til höfuðborgarsvæðisins. Fjöldi fólks hefur nýtt sér þetta, kýs að búa á Akranesi og sækir vinnu á höfuðborgarsvæðið. Má ætla að um 15% íbúa sækir vinnu eða nám frá Akranesi til borgarinnar.

Grundartangi í Hvalfjarðarsveit er eitt öflugasta iðnaðarsvæði landsins, en þar hófst uppbygginga rétt fyrir 1980. Mikil uppbygging hefur verið í kringum stóriðjuna á Grundartanga og þar hefur einnig orðið verulega fjölgun minni fyrirtækja og áætlað er að ríflega 1.000 starfsmenn starfi hjá fyrirtækjum á staðnum.

Landbúnaður var lengi vel aðal atvinnuvegurinn í Hvalfjarðarsveit, en dregið hefur úr vægi hans vegna uppbyggingar á Grundartanga auk þess sem ferðaþjónusta hefur vaxið töluvert á síðustu árum.

Borgarfjörður

Í Borgarfirði var landbúnaður um langt skeið höfuðatvinnuvegur og stórar úrvinnslustöðvar landbúnaðarafurða voru í Borgarnesi. Eftir innleiðingu kvótakerfis og endurskipulagningar í landbúnaði upp úr 1980 dró verulega úr framleiðslu og í dag er búið að leggja niður mjólkursamlagið í Borgarnesi og stórt sláturhús og kjötvinnslu. Störfum við landbúnað hefur því fækkað mjög sem og störfum við matvælavinnslu í Borgarnesi.

Opinber þjónusta sem og önnur þjónusta ásamt verslun hafa verið mikilvægar atvinnugreinar í Borgarnesi og háskólarnir á Hvanneyri og á Bifröst eru ásamt Menntaskóla Borgarfjarðar stórir vinnustaðir. Í Borgarfirði hafa lengi verið öflug fyrirtæki í iðnaði og þá sérstaklega í byggingariðnaði og verktakastarfsemi. ►

Ferðapjónusta hefur verið í miklum vexti undanfarin ár. Á annan tug hótela og stærri gistiheimila er á svæðinu, ýmiskonar afþreying og tæplega tvö þúsund sumarhús.

Snæfellsnes

Á Snæfellsnesi hefur sjárvarútvegur verið mjög öflugur, bæði útgerð og vinnsla. Þrátt fyrir miklar breytingar er sjávarútvegur helsta atvinnugreinin enn þann dag í dag og mörg öflug fyrirtæki í þeirri grein eru á svæðinu enda stutt á gjöful fiskimið.

Ferðapjónusta hefur farið ört vaxandi og ljóst að svæðið hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Fjöldi ferðamanna kemur í Þjóðgarðinn Snæfellsjökull og einstök náttúra, ásamt fjölbreyttri afþreyingu sem og

ýmis konar gistingualeikum ýta undir þessa þróun.

Opinber þjónusta hefur eflst á Snæfellsnesi undanfarin ár, flestar opinberar stofnanir eru staðsettar í Stykkishólmi og árið 2004 tók Fjölbrautarskóli Snæfellinga til starfa sem er staðsettur í Grundarfirði.

Dalir

Í Dölum hefur atvinnulíf byggst á landbúnaði og gerir enn í dag. Störfum hefur hins vegar farið fækkandi. Í Búðardal er rekið eina mjólkursamlagið á Vesturlandi. Ferðapjónustu hefur vaxið fiskur um hrygg og ný störf í þeirri atvinnugrein að hluta komið í stað starfa sem hafa tapast í landbúnaði og úrvinnslu.



Stiklað á stóru í atvinnumálum og uppbyggingu 1970-2019

1970 Íbúar á Vesturlandi um 13.200
(6,5% þjóðarinnar), þar af um 9.100
í þéttbýli.

*Landbúnaður og sjávarútvegur helstu
atvinnugreinar landshlutans*

1977 Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi

1979 Kísilmálmverksmiðja (Elkem) á
Grundartanga

1981 Borgarfjarðarbrúin tekin í notkun

1984 Vegur um Ólafsvíkurenni

1984 Kvótakerfi í sjávarútvegi

1985 Ný búvörulög, aukin framleiðslustýring
í kjölfarið

1989 Samvinnuháskólinn á Bifröst
(Háskólinn á Bifröst) útskrifar sína
fyrstu nemendur úr háskólanámi.

1997 Álver Norðuráls á Grundartanga

1998 Hvalfjarðargöng opnuð

1999 Bændaskólinn verður að
Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri

2001 Vegurinn um Vatnaleið á Snæfellsnesi
tekinn í notkun

2001 Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

2003 Nýr vegur um Bröttubrekku opnaður

2004 Fjölbrautaskóli Snæfellinga í
Grundarfirði

2006 Menntaskóli Borgarfjarðar í
Borgarnesi

2009 Heilbrigðisstofnun Vesturlands
tekur yfir rekstur sjúkrahúsa og
heilsugæslustöðva

2015 Fjöldi erlendra ferðamanna á
Vesturlandi fer yfir 500 þúsund

2018 Fjöldi erlendra ferðamanna áætlaður
990.000 á Vesturlandi

2019 Íbúar á Vesturlandi um 16.500 (4,6%
þjóðarinnar) þar af um 14.000 í
þéttbýli

*Sjávarútvegur, iðnaður og
ferðaþjónusta helstu atvinnugreinar
landshlutans*


Lýðfræðileg þróun á Vesturlandi

Á Vesturlandi hefur íbúum fjölgað um 3.300 eða 25% frá 1970 til 2019. Mikil fjölgun íbúa varð á árunum 1970 til 1980 eða um tæplega 1.600, en uppúr 1980 hægðist verulega á þeirri fjölgun og árið 1998 hafði þeim fækkað um 980 frá árinu 1980. Frá 1998 hefur íbúum á Vesturlandi fjölgað að nýju eða um 2.557. Þann 1. janúar 2019 bjuggu 16.507 íbúar á Vesturlandi. Þrátt fyrir íbúafjölgun hefur hlutur Vesturlands af heildar íbúafjölda á Íslandi farið heldur minnkandi á síðustu 50 árum og í dag er hlutdeild Vestlendinga 4,6% en var 6,5% árið 1970.

Íbúapróun á Vesturlandi hefur líkt og víða annars staðar verið með þeim hætti að íbúum í dreifbýli hefur fækkað, en íbúum í þéttbýli fjölgað. Í dag búa alls 13.939 í þéttbýli eða 84% íbúa svæðisins.

Akranes er fjölmennasta sveitarfélagið á Vesturlandi, en þar bjuggu 7.411 íbúar 1. janúar 2019 eða 45% íbúa á Vesturlandi. Segja má að stöðug fjölgun hafi verið á Akranesi s.l. 20 ár og frá 1970 hefur íbúum fjölgað um 3.158 eða um 74%. Í Hvalfjarðarsveit voru 638 íbúar 1 janúar 2019 og hefur íbúum fjölgað um ríflega 10% síðastliðin 50 ár.

Í **Borgarfirði** hefur orðið nokkur íbúafjölgun frá árinu 1970, en íbúum hefur fjölgað á s.l. 50 árum um 746 eða 24%. Í Borgarbyggð bjuggu 3.807 íbúar og í Skorradalshreppi 58 íbúar í byrjun árs 2019. Borgarnes er stærsti þéttbýlisstaðurinn í Borgarfirði, en þar er fjöldi íbúa 2.012 og á Hvanneyri eru þeir 307.



Íbúafjöldi 1971-2018. Tölur frá desember ár hvert fram til 1998 en 1. janúar eftir það. Tölur Hagstofu Íslands og Byggingastofnunar

Í **Dölum** hefur verið mikil fækkun íbúa s.l. 50 ár. Árið 1970 voru þeir 1.260, en eru í dag 673. Þetta er fækkun um 590 íbúa eða 47%. Í þéttbýlinu í Búðardal búa 269 íbúar í dag.


Íbúafjöldi á **Snæfellsnesi** hefur nokkurn veginn staðið í stað síðastliðin 50 ár. Þar fjölgaði íbúum fram undir 1990 en síðan hefur íbúum fækkað nokkuð.

Í dag er fjöldi íbúa á Snæfellsnesi 3.920 en var 3.997 árið 1970. Flestir búa í Snæfellsbæ eða 1.674, í Stykkishólmi búa 1.201 íbúi í Grundarfjarðarbæ 866, í Eyja- og Miklaholtshreppi 117 og í Helgafellssveit

62. Fjölmennasti þéttbýlisstaðurinn er Stykkishólmur með 1.201 íbúa, þar næst Ólafsvík með 1.000 íbúa og í Grundarfirði búa 824.

Af þessu má sjá að íbúum fjölgar mest syðst á Vesturlandi eða næst höfuðborgarsvæðinu. Meðalaldur Vestlendinga hefur verið áþekkur landsmeðaltali að Dölum undanskildum, en þar hefur meðalaldur verið nokkuð hærri en annars staðar á Vesturlandi. Ungu fólki hefur fækkað á Vesturlandi undanfarin ár líkt og annars staðar á landsbyggðinni. Þá hefur kynjaskipting verið með þeim hætti að karlar eru um 4% fleiri en konur á Vesturlandi.

Mannfjöldabróun frá árinu 2000 til 2019



Heimild: Hagstofa Íslands og greining KPMG

Netkönnun meðal íbúa og viðtöl

Inngangur – um netkönnun

Við gerð og vinnslu þessa sviðsmyndaverkefnis var íbúum á Vesturlandi boðið að taka þátt í viðhorfskönnun um framtíð landshlutans til ársins 2040. Könnunin var send á póstlista SSV og þátttakendum boðið að svara dagana 28. ágúst til 6. september 2019. Alls tóku 137 íbúar þátt í könnuninni.

Einnig voru tekin viðtöl við fjölbreyttan hóp aðila tengda Vesturlandi m.a. tvo ráðherra, sveitarstjórnarmenn og fulltrúa atvinnulífsins. Með þessu gafst íbúum svæðisins tækifæri til að taka þátt í vinnuferli sviðsmyndanna og koma á framfæri skoðunum sínum um mögulega þróun atvinnulífs í landshlutanum til framtíðar. Í sviðsmyndagerð er afar mikilvægt að tryggja aðkomu sem flestra og því nýttist könnunin afar vel til að fá fram skoðanir fjölbreytts hóps íbúa.

Niðurstöður könnunarinnar og viðtalanna voru voru m.a. nýttar við mótun sviðsmyndanna og til að hvetja til frekari umræðu um mikilvægustu áhrifaþætti atvinnulífs á svæðinu til framtíðar.




Áhersluflokkar

Hverjir verða helstu áhersluflokkar atvinnulífs á Vesturlandi árið 2040?

Svarendur voru beðnir um að leggja mat á það hversu mikil eða lítil áhersla verði lögð á ákveðna lykilþætti miðað við daginn í dag. Þ.e. mun áhersla á þessa þætti aukast eða minnka þegar til framtíðar er litið.

Niðurstöður eru settar fram á skalanum 0-10, þar sem 10 er mest áhersla og 0 er minnst.

Hversu mikil eða lítil áhersla verður lögð á eftirfarandi atriði á Vesturlandi árið 2040 miðað við daginn í dag?



Áhrifabættir í þróun atvinnulífs

Hverjir verða mikilvægustu áhrifabættirnir í þróun atvinnulífs á Vesturlandi til ársins 2040?

Hér voru svarendur beðnir um að leggja mat á það hversu mikil eða lítil áhrif ákveðnir þættir munu hafa á þróun atvinnulífs á Vesturlandi til ársins 2040.

Niðurstöður eru settar fram á skalanum 0-10, þar sem 10 er mest áhrif og 0 er minnst.

Hversu mikil eða lítil áhrif munu eftirfarandi hafa á þróun atvinnulífs á Vesturlandi til ársins 2040?




Þróun í hlutfalli innflytjenda

Hvernig mun fjöldi innflytjenda á Vesturlandi þróast til ársins 2040?

Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands frá árinu 2018 var hlutfall innflytjenda um 12,6% af heildarmannfjölda á Vesturlandi. Það er sama hlutfall og á landinu öllu.

Svarendur voru beðnir að meta hvernig þetta hlutfall mun þróast til ársins 2040.

Þróun í fjölda innflytjenda til ársins 2040




Fjöldi sveitarfélaga

Hvað verða mörg sveitarfélög á Vesturlandi árið 2040?

Hér voru svarendur beðnir um að leggja mat á það hversu mörg sveitarfélög verði á Vesturlandi árið 2040. Í dag eru tíu sveitarfélög í landshlutanum og íbúafjöldi samtals 16.507 íbúar. Meðalsvar þátttakenda var að fimm sveitarfélög verði á Vesturlandi árið 2040. 68% telja að þau verði sex eða færri.

Þegar könnunin var gerð hafði landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga ekki samþykkt ályktun um að mæla með því við Alþingi að samþykkja þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga. Þar er m.a. miðað við að lágmarks íbúafjöldi sveitarfélaga verði 1.000 árið 2026. Verði tillagan samþykkt munu að öllum líkindum a.m.k. sex af núverandi sveitarfélögum á Vesturlandi þurfa að sameinast öðrum, komi ekki til nægilegrar íbúafjölgunar fyrir 2026.

Í dag eru tíu sveitarfélög á Vesturlandi. Hvað telur þú að þau verði mörg árið 2040?





Verða 20.000 íbúar á Vesturlandi 2040?


Hvað verða margir íbúar á Vesturlandi árið 2040?

Þátttakendur voru beðnir um að leggja mat á það hversu margir íbúar verða á Vesturlandi árið 2040. Meðaltal svara í könnuninni var um 20.000 íbúar eða um 21 % fjölgun á 20 árum.

Fjöldi íbúa í sveitarfélögum á Vesturlandi 1. janúar

	2009	2019
Akraneskaupstaður	6.609	7.411
Skorradalshreppur	57	58
Hvalfjarðarsveit	641	638
Borgarbyggð	3.744	3.807
Grundarfjarðarbær	925	866
Helgafellssveit	60	62
Stykkishólmur	1.111	1.201
Eyja- og Miklaholtshreppur	129	117
Snæfellsbær	1.717	1.674
Dalabyggð	714	673
Samtals	15.707	16.507

Íbúafjöldi á Vesturlandi



Fleygar setningar úr viðtölum og netkönnun

- Umhverfis- og loftslagsmál eru stóru málín
- Búsetan verður þar sem fólki líður best
- Atvinnulíf á Vesturlandi er þjónustudrifið
- Snæfellsnes verður árið 2040 „nýi gullni hringurinn“
- Hvalfjarðargöngin breyttu öllu fyrir Vesturland, einkum Akranes
- Sveitarstjórnarmenn þurfa að hætta að einblína á atvinnusköpun og horfa í staðinn á lífsgæði, næringu andans, meira af kvenlegum gildum
- Ferðapjónusta hefur breytt gífurlega miklu á öllu svæðinu
- Munu Bifröst og Hvanneyri sameinast?
- Hefur orðið þróun í uppbyggingu í heilbrigðisgeiranum?
- Næst að fjölga störfum í tæknigeiranum á svæðinu?
- Mun takast að þróa ferðapjónustuna þannig að fólk stoppi lengur?
- Akranes var fyrir 20 árum öflugur sjávarútvegsbær þar hefur dregið mikið úr
- Daglega sækja 1000 íbúar af Akranesi vinnu /skóla í Reykjavík
- Sundabrautin væri líklegasta besta samgöngubótin fyrir Vesturland
- Vesturland á mikið inni í ferðapjónustunni
- Fólk leggur alltof litla áherslu á nærsamfélagið
- Þurfum langtímahugsun og þor – standa upp úr meðalmennskunni
- Það þarf að sameina sveitarfélögin á Vesturlandi
- Næg tækifæri á Grundartanga
- Ferðapjónustan á eftir að byggjast mun meira upp
- Fjölbreytt heilbrigðisþjónusta gæti verið okkar helsti styrkur
- Landbúnaður mun breytast, búum fækka en þau stækka. Það á líka við um garðyrkjuna
- Tækifæri í að þjónusta eldra fólk?
- Vantar störf fyrir háskólamenntaða á svæðinu
- Ekki verið að framleiða hugmyndir og virkja hugvitið. Þurfum að hlusta meira á unga fólk.
- Höfum ekki náð að nýta og virkja háskólana nægilega vel
- Bölvun laxveiðijarða – eru keyptar upp og fara úr búskap
- Skógarstrandarvegur slæmur – það verður að laga hann
- Tækifæri í að vinna úr auðlindum Breiðafjarðar

Breytingar í farvatninu

Samkvæmt skýrslu um áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar* er störfum misjafnlega hætt við að verða aflögð á komandi árum vegna tæknibreytinga. Hér að neðan má sjá dæmi um 10 atvinnugreinar á Íslandi og áætlaða fækkun starfa þeirra. Nokkrar af aðalatvinnugreinum Vesturlands eru samkvæmt þessu í hættu en jafnframt má sjá atvinnugreinar þar sem mikil tækifæri leynast fyrir landshlutann, séu ákvarðanir teknar í tíma.

	Atvinnugrein	Fjöldi starfa	% af störfum í atvinnugrein
1	Framleiðsla	10.668	57%
2	Byggngarstarfsemi og mannvirkjagerð	7.407	60%
3	Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum	6.879	27%
4	Rekstur gististaða og veitingarekstur	6.724	61%
5	Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	5.343	73%
6	Flutningar og geymsla	4.536	34%
7	Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	2.246	30%
8	Heilbrigðis- og félagsþjónusta	2.183	10%
9	Fræðslustarfsemi	1.850	8%
10	Menningar-, íþrótt- og tómstundarstarfsemi	1.269	20%

Fjöldi starfa vísar til þess fjölda starfa sem líklegt er að verði aflögð t.d. vegna sjálfvirknivæðingar, á næstu árum. Prósentutölurnar vísa til þess hversu stórt hlutfall af heildarfjölda starfa í viðkomandi grein er líklegt að verði aflögð.

* Heimild: Forsætisráðuneytið, Ísland og fjórða iðnbyltingin, febrúar 2019

Sviðsmyndir

Mikilvægir drifkraftar og óvissupættir á Vesturlandi

Umhverfismál

Hvernig mun aukin umhverfisvitund og krafa um sjálfbærni á öllum sviðum hafa áhrif á atvinnulífið til framtíðar? Hvaða áhrif munu loftslagsbreytingar hafa?

Viðhorf og ímynd

Hvernig mun viðhorf landsmanna og stjórnvalda til búsetu á svæðinu þróast? Hver verður ímynd Vesturlands í hugum fólks til lengri tíma litið?

Mannauður og færni

Hvernig mun framboð menntunar á svæðinu breytast? Hvernig mun menntunartígið þróast? Munu íbúar búa yfir þeirri færni sem framtíðin krefst? Verður áhersla á verk- eða háskólanám?

Sveitarfélög

Hvernig munu sveitarfélögin takast á við breyttar forsendur? Munu eiga sér stað frekari sameiningar eða aukið samstarf sveitarfélaga? Hver verða helstu verkefni sveitarfélaga í framtíðinni?

Nýsköpun

Hvernig munum við takast á við áskoranir fjórðu iðnbyltingarinnar? Mun sprotafyrirtækjum og frumkvöðlum fjölga á svæðinu? Hvar liggja helstu tækifæri til nýsköpunar á Vesturlandi?

Samgöngur

Hvernig mun umferð um þjóðvegi Vesturlands þróast? Verður ráðist í

samgöngubætur á borð við Sunda-braut, tvöföldun Hvalfjarðarganga og Vesturlandsvegar? Hvert verður hlutverk almenningssamgangna?

Ferðaþjónusta

Hvernig mun Vesturland þróast sem áfangastaður? Hvernig mun þekking og hæfni aðila í ferðaþjónustu þróast? Hvernig verður staðið að markaðssetningu og uppbyggingu „segla“?

Orkumál

Hver er framtíð stóriðju á svæðinu? Hvernig mun annar orkufrekur iðnaður þróast? Mun viðhorf íbúa og stjórnvalda til þessarar starfsemi breytast?

Sjávarútvegur

Mun störfum í sjávarútvegi halda áfram að fækka t.d. með aukinni sjálfvirknivæðingu? Hvernig munu aflaheimildir og eignarhald í sjávarútvegi breytast?

Landbúnaður

Hvaða áhrif mun breytt mataræði s.s. vegan, ketó o.fl. hafa á matvælaframleiðslu? Hvaða hlutverki mun LbHÍ gegna í þróun greinarinnar?

Heilbrigðismál

Hvernig munu kröfur um heilbrigðisþjónustu breytast? Hvaða áhrif mun langlífi og fjölgun eldri borgara hafa á heilbrigðisþjónustu? Eru tækifæri fyrir Vesturland til að marka sér sérstöðu á sviði heilbrigðisferðaþjónustu?

Dæmi um áhrifavalda svæðisins

ORKA
UMHVERFISMÁL
STJÓRNVÖLD
NÁTTÚRUAUÐLINDIR
FERÐAÞJÓNUSTA
NÝSKÖPUN
ORÐSPÖR
PÉTTBÝLI / DREIFBÝLI
TÆKNIBREYTINGAR
SVEITARFÉLÖG
LANDBÚNAÐUR

Grunngerð sviðsmyndanna

Við mótun sviðsmynda skiptir miklu máli að greina þá drifkrafta sem hafa áhrif á þróun til framtíðar. Þegar helstu drifkraftar hafa verið greindir þarf að leggja mat á það hversu **áhrifamiklir** þeir eru og jafnframt hversu mikil **óvissa** ríkir um þróun þeirra.

Til að ramma inn sviðsmyndirnar um framtíð atvinnulífs á Vesturlandi voru skoðaðir fjölmargir mögulegir drifkraftar svæðisins og voru valdir tveir drifkraftar sem taldir eru hafa mest áhrif á og talsverð óvissa ríkir um.

Þessir drifkraftar eru annars vegar **auðlindanýting** og hins vegar **viðhorf samfélagsins til búsetu**. Móta þeir grunngerð sviðsmyndanna.



Auðlindanýting vísar til þess hvort áhersla sé lögð á að nýta náttúruauðlindir svæðisins á borð við orku og afurðir sjávar og sveita eða hvort áherslan sé á nýtingu mannauðs og þróun hugvits.



Viðhorf samfélagsins til búsetu getur verið með mismunandi hætti og þá einkum hvort áhersla sé lögð á búsetu í dreifbýli eða þéttbýli.

Sviðsmyndir fyrir atvinnulíf á Vesturlandi 2040

Eftirfarandi eru fjórar sviðsmyndir um hugsanlega þróun atvinnulífs á Vesturlandi til ársins 2040 og mótask þær af framangreindum drifkröftum.


Myndunum er ætlað að örva umræðu og ákvarðanatöku um þær aðgerðir sem hagaðilar svæðisins þurfa að takast á við, hvort sem það eru sveitarfélög, stjórnvöld, atvinnulífið eða einstaklingar.


Líklegt má telja að sviðsmyndirnar muni ekki rætast eins og þær eru skrifaðar, en einstakir liðir allra myndanna munu geta raungerst. Það er því mikilvægt að gera sér grein fyrir því að gæði sviðsmyndanna ráðast ekki af því hversu vel þær rætast, heldur hversu vel þeim tekst að skapa skilning á því hvað þurfi að gera í dag til að undirbúa framtíðina.

Við þurfum að vera tilbúin að nýta þau tækifæri sem geta boðist, ekki síður en að taka til varna gegn þeim ógnunum sem mögulega geta sótt að atvinnulífinu og þar með stefnt samfélögum á Vesturlandi í hættu.



Yfirlit sviðsmynda – Vesturland 2040





Forsendur

Dreifbýlisáherslur og nýting mannauðs.

Í hnotskurn

Fjölgun starfa án staðsetningar, aukin tæknivæðing og áhersla á tengsl við náttúruna hefur dregið fólk í auknum mæli í dreifbýlið.

Staðan árið 2040

Dreifbýlið hefur sótt í sig veðrið og er íbúafjölgun landshlutans helst til sveita. Sjálfbærni og ábyrg nýting eru kjörorð atvinnulífsins og verulega hefur dregið úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Lífsgæði og vellíðan fólks hefur aukist mikið skv. nýjustu mælingum.

Markaðsherferðin „Frá massa í klassa“ þar sem m.a. er lögð áhersla á sagnaarf svæðisins hefur skilað miklum árangri og skilað fjölda fágætisferðamanna á svæðið.

Útgerð er dreifð og þar er hægfara samdráttur. Talsverð þróun hefur verið í fjarnámi og í háskólagreinum Landbúnaðarháskólans sem ýtt hefur undir

þekkingarmyndun til sveita. Samhliða hefur átt sér stað talsverð þróun og nýsköpun í landbúnaði.

Ungt menntað fjölskyldufólk hefur flutt í auknum mæli í sveitirnar og einnig hefur orðið hægfara fjölgun nýbúa. Fjölgunin hefur kallað á aukna þjónustu hins opinbera á mörgum sviðum.



Hvernig gerðist þetta?

Með ljósleiðaravæðingu, tækniframförum og áherslu á störf án staðsetningar hefur atvinnumöguleikum fólks í dreifbýlinu fjölgað talsvert. Stytting vinnuvikunnar bjó til aukinn frítíma og fólk leggur meira upp úr tækifærum til afþreyingar og tengslum við náttúruna. Aukið framboð fjarnáms og styrking allra skólastiga á svæðinu gerði íbúa betur í stakk búna til að takast á við fjórðu iðnbyltinguna.


Helstu atvinnugreinar

- Ferðaþjónusta
- Sjávarútvegur
- Skapandi greinar
- Landbúnaður
- Heilbrigðisþjónusta

Hlutfall íbúa í þéttbýli og dreifbýli



Drifkraftur	Staðan 2040
Staða dreifbýlis og þéttbýlis	Vöxtur í dreifbýli, kyrrstaða í þéttbýli.
Sjávarútvegur	Hægfara samdráttur í útgerð.
Landbúnaður	Mikil nýsköpun og þróun í landbúnaði. Ný atvinnutækifæri til sveita.
Ferðaþjónusta	Dreifð ferðaþjónusta með áherslu á sagnaarf. Margir ferðaþjónustubændur.
Umhverfismál	Talsverð þróun í umhverfismálum og sjálfbærni til sveita.
Menntun og færni	Talsverð þróun í fjarnámi og í háskólagreinum LBHÍ.
Heilbrigðisþjónusta og vellíðan	Hægfara samdráttur staðbundinnar þjónustu en veruleg aukning fjarlækninga.
Nýsköpun og þróun	Tækni framfarir styðja við störf án staðsetningar.
Íbúasamsetning	Ungt barnafólk flytur í sveitirnar. Hægfara fjölgun nýbúa.



Forsendur

Dreifbýlisáherslur og nýting náttúruauðlinda.

Í hnotskurn

Í þessari sviðsmynd hefur hefðbundinn landbúnaður sótt í sig veðrið og áhersla á ýmiskonar framþróun í framleiðsluháttum, ylrækt o.fl. dregið til sín fleira fólk. Vesturland er matarkista Íslands með áherslu á sjávarútveg og landbúnað.

Staðan árið 2040

Dreifbýlið hefur sótt í sig veðrið og er íbúafjölgun á svæðinu helst til sveita. Landsins gæði og auðlindir sjávar eru grundvöllur atvinnulífs á svæðinu. Hefðbundinn landbúnaður hefur þróast nokkuð og áhersla hefur verið lögð á tengsl bænda og neytenda. Útgerð og fiskvinnsla er dreifð á svæðinu með fáum stórfyrirtækjum en allmörgum smærri aðilum.

Í ferðaþjónustu er mikið lagt upp úr matvælaframleiðslu svæðisins og ferðamenn sækja í upplifun í bændagistingu og sveitahótelum. Aukin umhverfisvitund hefur kallað á bætt úrgangs- og sorphirðumál auk þess sem horft er til aukinnar sjálfbærni á flestum sviðum.

Í menntamálum er áhersla lögð á búvísindi og þróun í landbúnaðartengdum greinum. Nokkur samdráttur hefur orðið í

heilbrigðisþjónustu þar sem fólksfækkun og dreifð byggð dregur niður forsendur fyrir fullri þjónustu. Nýsköpun í atvinnulífi svæðisins er hægfara og einna helst í landbúnaði. Eldri íbúum landshlutans hefur fjölgað og nýbúum sem starfa, m.a. við úrvinnslu landbúnaðarafurða hefur fjölgað nokkuð.



Hvernig gerðist þetta?

Aukið álag í daglegu lífi hvatti fólk til lífstílsbreytinga og að sækja meira í náttúruna og tengsl við sveitina. Lög voru sett um eignarhald jarða með kröfu um búsetu. Framþróun í hefðbundnum landbúnaði bjó til aukin verðmæti og fjölgaði störfum til sveita t.d. við fullvinnslu afurða. Markaðssetning kyrrðar og sveitasælu fjölgaði ferðamönnum sem sóttu í hinar dreifðari byggðir. Sjávarútvegur við Breiðafjörð og Faxaflóa er fjölbreyttur en ásamt hefðbundnum veiðum hafa bæst við fjölbreyttar leiðir í nýtingu auðlinda sjávar, s.s. þaravinnsla, krabbaveiðar, skel o.fl. Verkefnið „beint frá býli og bát“, tengdi saman matvælaframleiðendur og neytendur, nýtur mikilla vinsælda.

Helstu atvinnugreinar

- Landbúnaður og landeldi
- Ferðaþjónusta (bændagisting)
- Sjávarútvegur
- Fullvinnsla / beint frá býli og bát

Hlutfall íbúa í þéttbýli og dreifbýli



Drifkraftur	Staðan 2040
Staða dreifbýlis og þéttbýlis	Dreifbýli í sókn að hluta á kostnað þéttbýlis.
Sjávarútvegur	Dreifð útgerð og vinnsla. Fá stórfyrirtæki en allmörg smærri í greininni
Landbúnaður	Umtalsverður hefðbundinn landbúnaður. Góð tengsl bænda og neytenda
Ferðapjónusta	Dreifð ferðapjónusta með áherslu á matarferðapjónustu
Umhverfismál	Aukin umhverfisvitund og áhersla á sjálfbæra nýtingu
Menntun og færni	Hægfara þróun með áherslu á bívísindi
Heilbrigðisþjónusta og vellíðan	Nokkur samdráttur í heilbrigðisþjónustu. Smærri staðir leggjast af
Nýsköpun og þróun	Hægfara nýsköpun, mest í landbúnaði
Íbúasamsetning	Fjölgun í eldri aldurshópum. Umtalsverð fjölgun nýbúa

Þekkingarklasinn



Forsendur

Þéttbýlisáherslur og nýting mannauðs.

Í hnotskurn

Sókn fólks í þéttbýlið hefur aukist talsvert og stærri bæir á suðursvæði Vesturlands vaxið á ævintýralegum hraða. Atvinnulífið byggir á hugviti, nýsköpun og þróun.

Staðan árið 2040

Þéttbýlisstaðir, sérstaklega á suðursvæði Vesturlands hafa vaxið mikið á sama tíma og búseta í dreifbýli hefur gefið eftir. Íbúar sækja í hátt þjónustustig, mennta- og menningarstarf í þéttbýlinu þar sem 95% íbúa búa.

Hátæknifyrirtæki tengt sjávarútvegi á svæðinu sem byggir útrás á markaði í Rússlandi, Asíu og víðar hefur stöðuga þörf fyrir menntað og reynslumikið fólk. Hefðbundnar veiðar og vinnsla hafa gefið eftir en eru þó til staðar.

Dregið hefur dregið úr hefðbundnum landbúnaði og margar jarðir eru án fastrar búsetu. Í ferðaþjónustu er lögð áhersla á heilsu og vellíðan en einnig er vinsælt meðal ferðamanna að heimsækja tækni- og nýsköpunarfyrirtæki á svæðinu.

Margar nýjar umhverfislausnir hafa verið þróaðar í samstarfi fyrirtækja á svæðinu sem njóta vinsælda út fyrir landsteinana.

Með stórsókn í menntamálum og auknu framboði menntunar hefur orðið mikil almenn þróun í atvinnulífinu og nýjar áherslur litið dagsins ljós. Þróun atvinnulífsins hefur laðað ungt fólk í auknum mæli til Vesturlands og talsverð fjölgun hefur því orðið í yngstu aldurshópum svæðisins. Þar sem starfsemi fyrirtækjanna krefst starfsfólks með fjölbreytta menntun og bakgrunn hefur nýbúum einnig talsvert fjölgað og fjölmennning er ríkjandi í samfélaginu.



Hvernig gerðist þetta?

Áhersla var lögð á að byggja upp klasa þekkingarfyrirtækja m.a. í heilbrigðisþjónustu, iðnaði, ferðaþjónustu og hugbúnaðargerð. Þannig jókst samstarf fyrirtækja, stofnana og einstaklinga sem var grundvöllur frekari verðmætasköpunar. Starfsemi sprotafyrirtækja sem byggðu á styrkleikum Vesturlands á sviði heilbrigðismála, iðnaðar og ferðaþjónustu laðaði að menntað ungt fólk sem settist í auknum mæli að á svæðinu. Mikil áhersla á þróun í menntun skilaði sér í fjölgun atvinnutækifæra og nýjum störfum. Stefna um kolefnishlutleysi Grundartanga og uppbygging fjölnýtingarklasa á svæðinu olli straumhvörfum í starfseminni á svæðinu.

Helstu atvinnugreinar


- Hátækni, hugbúnaðarþróun og nýsköpun
- Heilbrigðisþjónusta og heilsutengd ferðaþjónusta
- Umhverfisvísindi og sjálfbærni

Hlutfall íbúa í þéttbýli og dreifbýli



Drifkraftur	Staðan 2040
Staða dreifbýlis og þéttbýlis	Íbúafjölgun í þéttbýli en sum smærri byggðalög við að leggjast af.
Sjávarútvegur	Hægfara samdráttur í veiðum og vinnslu.
Landbúnaður	Landbúnaður gefur eftir. Margar jarðir án búsetu.
Ferðaþjónusta	Ferðamenn sækja í þjónustu í þéttbýli s.s. heilsu og tækni.
Umhverfismál	Þróaðar umhverfislausnir og áhersla á sjálfbærni í þéttbýli.
Menntun og færni	Stórsókn í menntamálum með auknu framboði og mikilli þróun.
Heilbrigðisþjónusta og vellíðan	Heilbrigðisþjónusta stóreflist með tengingu við ferðaþjónustu „Health and wellness“.
Nýsköpun og þróun	Fjölbreytt og mikil nýsköpun og þróun sem byggir á styrkleikum Vesturlands.
Íbúasamsetning	Mikil fjölgun í yngri aldurshópum. Aukin fjölmennning.

Bæjarkjarnar



Forsendur

Þéttbýlisáherslur og nýting náttúruauðlinda.

Í hnotskurn

Íbúar sækja í vaxandi mæli í þéttbýlið. Framleiðslu- og úrvinnslustörf í landbúnaði, sjávarútvegi og stóriðju eru ríkjandi.

Staðan árið 2040

Fjöldi starfsmanna á Grundartanga hefur tvöfaldast og nú vinnur fólk þar fjölbreytt störf hjá breiðum hópi fyrirtækja. Mikil uppbygging hefur átt sér stað á svæðinu, m.a. í sameldi (e. aquaponics), fódurvinnslu, ylrækt o.fl.

Eitt öflugt sjávarútvegsfyrirtæki er starfandi á Snæfellsnesi með vinnslu á einum stað. Einnig er stundað fjölbreytt landeldi, m.a. sameldi. Ylrækt er stunduð í þéttbýli sem m.a. styður við ferðapjónustu á svæðinu.

Mikil áhersla er lögð á fullvinnsla landbúnaðarafurða og samþjöppun hefur átt sér stað á því sviði. Öflugt menningarlíf og vel launuð störf draga að fólk til búsetu í þéttbýlinu.

Talsverð fólksfækkun í dreifbýlinu og lítil endurnýjun í búskap. Um 90% íbúa Vesturlands búa í þéttbýliskjörnum.

Heilbrigðisþjónusta hefur dregist saman og nú er einn starfandi spítali á svæðinu ásamt 2-3 smærri heilsugæslustöðvum. Fjársvelti einkennir heilbrigðisþjónustuna.

Nokkur íbúafækkun hefur átt sér stað en nýbúum hefur fjölgað samhliða fjölgun starfa í stóriðju og vinnslu.

Hvernig gerðist þetta?



Eftir þróunarverkefni í nýtingu glatvarma á Grundartanga varð svæðið eftirsóknarvert fyrir fjölda fyrirtækja í margvíslegri starfsemi. Tilraunir í sameldi á staðnum gáfu góða raun og fljótlega var ákveðið að margfalda framleiðslugetu þess. Ákveðið var að flytja talsvert af starfsemi frá Sundahöfn til Grundartanga.

Auðlindabraut FVA hefur ýtt undir áhuga nemenda á fjölbreyttri auðlindanýtingu og hvatt til nýsköpunar á því sviði. Fjölbreytt fullnýting í anda „Circular economy“ er stunduð víða og hefur m.a. fyrirtæki á svæðinu unnið til fullnýtingarverðlauna forseta Íslands.

Helstu atvinnugreinar

- Sjávarútvegur
- Orkufrek starfsemi
- Landbúnaður í þéttbýli (e. urban agriculture)
- Ferðapjónusta – í nágrenni við náttúruna

Hlutfall íbúa í þéttbýli og dreifbýli



Drifkraftur	Staðan 2040
Staða dreifbýlis og þéttbýlis	Fjölgun íbúa í þéttbýli en hægfara fækkun í dreifbýli.
Sjávarútvegur	Fjölbreytt fiskeldi á landi, verulegar aflaheimildir.
Landbúnaður	Landbúnaður s.s. ylrækt o.fl. stundað í nánd við þéttbýli á stórum skala.
Ferðapjónusta	Ferðamenn sækja í „local“ veitingastaði og þjónustu í þéttbýli.
Umhverfismál	Umhverfismál ekki í forgangi. Áhersla á fullnýtingu afurða og auðlindastrauma.
Menntun og færni	Áhersla á iðnmenntun. Dregur úr ásókn í háskóla
Heilbrigðisþjónusta og vellíðan	Heilbrigðisþjónusta dregst saman. Einn spítali og 2-3 smærri heilsugæslur. Fjársvelti einkennandi.
Nýsköpun og þróun	Öflug nýsköpun og þróun í auðlindagreinum.
Íbúasamsetning	Fækkun íbúa en allveruleg fjölgun nýbúa sem vinna aðallega í stóriðju og vinnslu.

Samanburður ólíkra sviðsmynda

Drifkraftur	Eden	Dalalíf	Pekkingarklasinn	Bæjarkjarnar
Staða dreifbýlis og þéttbýlis	Vöxtur í dreifbýli, kyrrstaða í þéttbýli.	Dreifbýli í sókn að hluta á kostnað þéttbýlis.	Íbúafjölgun í þéttbýli en sum smærri byggðalög við að leggjast af.	Fjölgun íbúa í þéttbýli en hægfara fækkun í dreifbýli.
Sjávarútvegur	Hægfara samdráttur í útgerð.	Dreifð útgerð og vinnsla. Fá stórfyrirtæki en allmörg smærri í greininni.	Hægfara samdráttur í veiðum og vinnslu.	Fjölbreytt fiskeldi á landi, verulegar aflaheimildir.
Landbúnaður	Mikil nýsköpun og þróun í landbúnaði. Ný atvinnutækifæri til sveita.	Umtalsverður hefðbundinn landbúnaður. Góð tengsl bænda og neytenda.	Landbúnaður gefur eftir. Margar jarðir án búsetu.	Landbúnaður s.s. ylraekt o.fl. stundaður í nánd við þéttbýli á stórum skala.
Ferðaþjónusta	Dreifð ferðaþjónusta með áherslu á sagnaarf. Margir ferðaþjónustubændur.	Dreifð ferðaþjónusta með áherslu á matarferðaþjónustu.	Ferðamenn sækja í þjónustu í þéttbýli s.s. heilsu og tækni.	Ferðamenn sækja í „local“ veitingastaði og þjónustu í þéttbýli.
Umhverfismál	Talsverð þróun í umhverfismálum og sjálfbærni til sveita.	Aukin umhverfisvitund og áhersla á sjálfbæra nýtingu.	Þróaðar umhverfislausnir og áhersla á sjálfbærni í þéttbýli.	Umhverfismál ekki í forgangi. Áhersla á fullnýtingu afurða og auðlindastrauma.
Menntun og færni	Talsverð þróun í fjarnámi og í háskólagreinum LBHÍ.	Hægfara þróun með áherslu á búvísindi.	Stórsókn í menntámálum með auknu framboði og mikilli þróun.	Áhersla á iðnmenntun. Dregur úr ásókn í háskóla.
Heilbrigðisþjónusta og velliðan	Hægfara samdráttur staðbundinnar þjónustu en veruleg aukning fjarlækninga.	Nokkur samdráttur í heilbrigðisþjónustu. Smærri staðir leggjast af.	Heilbrigðisþjónusta stóreflist með tengingu við ferðaþjónustu „Health and wellness“.	Heilbrigðisþjónusta dregst saman. Einn spítali og 2-3 smærri heilsugæslur. Fjársvelti ein-kennandi.
Nýsköpun og þróun	Tækniframfarir styðja við störf án staðsetningar.	Hægfara nýsköpun, mest í landbúnaði.	Fjölbreytt og mikil nýsköpun og þróun sem byggir á styrkleikum Vesturlands.	Öflug nýsköpun og þróun í auðlinda-greinum.
Íbúasamsetning	Ungt barnafólk flytur í sveitirnar. Hægfara fjölgun nýbúa.	Fjölgun í eldri aldursþópum. Umtalsverð fjölgun nýbúa.	Mikil fjölgun í yngri aldurshópum. Aukin fjölmennung.	Fækkun íbúa en allveruleg fjölgun nýbúa sem vinna aðallega í stóriðju og vinnslu.

Næstu skref við nýtingu sviðsmyndanna

Notagildi sviðsmyndanna getur verið mismunandi eftir því hver lesandinn eða notandi þeirra er. Meginhlutverk sviðsmyndanna er að opna augu lesenda fyrir því að þróun atvinnulífsins í framtíðinni muni klárlega verða með öðrum hætti en staða þess í dag, spurningarnar eru bara hversu miklar breytingarnar verða. Það er athyglivert að rýna í þær breytingar sem hafa orðið í atvinnulífi svæðisins sl. 50 ár og greina helstu áhrifaþætti þeirra. Það bendir allt til að þær breytingar sem verða á komandi árum munu verða mun hraðari en áður hefur þekkst bæði út af tæknibreytingum og ekki síður samfélagbreytingum með viðhorfi íbúa svæðisins.

Hverjar sem þessar breytingar verða, eru lesendur hvattir til að lesa og nýta sér sviðsmyndirnar með opnum huga og skilja að þær gætu allar átt möguleika á að rætast með einum eða öðrum hætti. Því skiptir mestu máli að skilja hvernig best er að bregðast við ólíkum sviðsmyndum og vera þannig tilbúin að mæta breytingum.

Dæmi um þá fjölmörgu þætti sem sviðsmyndirnar geta nýst við eru:

- Við mótun atvinnu- og auðlindastefnu sveitarfélaganna
- Við stefnumótun atvinnulífsins og einstakra stofnana
- Mótun nýsköpunar- og menntastefnu fyrir landshlutann
- Við mótun aðgerða opinberra aðila tengdum byggðapróun og skipulagsmálum
- Við gerð áhættugreiningar og fjárfestingaákvæðana
- Við framkvæmd sóknaráætlunar landshlutans og m.fl.

**Skýrslan er unnin af ráðgjafarsviði KPMG.
Tengiliðir vegna hennar eru:**

Sævar Kristinsson

Verkefnastjóri
skristinsson@kpmg.is

Stefán Þór Helgason

Sérfræðingur
shelgason@kpmg.is

Steinþór Pálsson

Hluthafi
steinthorpalsson@kpmg.is

Reykjavík

Borgartúni 27

Akranes

Kirkjubraut 28

Akureyri

Glerárgötu 24

Blönduós

Húnabraut 4

Borgarnes

Bjarnarbraut 8

Dalvík

Ráðhúsi

Egilsstaðir

Fagradalsbraut 11

Hafnarfjörður

Reykjavíkurvegi 66

Hella

Þrúðvangi 18

Höfn í Hornafirði

Litlabrú 1

Reyðarfjörður

Austurvegi 20

Reykjanesbær

Krossmóa 4

Sauðárkrókur

Borgarmýri 4a

Selfoss

Austurvegi 4

Skagaströnd

Oddagötu 22

Stykkishólmur

Aðalgata 5

Vestmannaeyjar

Kirkjuvegi 23

Sími 545 6000

kpmg.is   

© 2019 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative, svissnesku samvinnufélagi. Nafn og kennimark KPMG eru vörumerki KPMG International Cooperative. Allur réttur áskilinn.

Skýrsla þessi inniheldur niðurstöður greininga- og sviðsmyndavinnu um framtíð atvinnulífs á Vesturlandi. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni og niðurstöður skýrslunnar í tengslum við atburði eða upplýsingar sem kunna að koma síðar fram. Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um heimildir traustra aðila sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi. KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstöðu skýrslunnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli skýrslunnar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum verkkaupa eða annarra aðila er að málinu kunna að koma.